



Úthlutunarhátíð 2024

Menningarhúsinu Tjarnarborg

Fimmtudaginn 15. febrúar kl. 17:00

Útnefning Bæjarlistamanns Fjallabyggðar



*Menningarstyrkir, styrkir til hátíða
og stærri viðburða*

Fjallabyggð



Alpýðuhúsið á Siglufirði - Menningarstarf

Umsækjandi:

Félag um menningarstarf
í Alpýðuhúsinu á Siglufirði

Alpýðuhúsið á Siglufirði hefur staðið fyrir margþættu menningarstarfi á ársgrundvelli síðan árið 2012. Þar er starfrækt gallerí sem nefnist Kompan með 7 - 9 sýningum á ári, settar eru upp þrjár listahátíðir á ári, 5 - 7 fyrirlestrar, listasmiðjur og annað sem viðkemur menningu og listum.

Listrænn stjórnandi Kompannar er Aðalheiður S. Eysteinsdóttir og hefur hún kappkostað að sýna fjölbreytta nútímamyndlist með því markmiði að opna hurð inn í heim myndlistar fyrir almenning.

Í alrými hússins er efnt til mánaðarlegra viðburða sem nefnast Sunnudagskaffi með skapandi fólki – viðburði þar sem skapandi fólk segir frá og sýnir verk sín og starf. Í sal Alpýðuhússins eru settir upp stærri viðburðir og listasmiðjur, tónleikar, fjöllistasýningar, ljóðadagskrá, dans og hvað eina sem við kemur skapandi hugsun.

Styrkupp hæð kr. 500.000.-

Fjallabyggð



Frjó Listahátíð

Umsækjandi:
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

Frjó menningarhelgi verður haldin dagana 12. - 14. júlí

Frjó er þriggja daga listahátíð á vegum Alþýðuhússins á Siglufirði sem hefur flætt út fyrir vegg húsins og um alla Fjallabyggð. Listafólk og menningarstofnanir í Fjallabyggð taka þátt í Frjó til viðbótar við þá listviðburði sem Alþýðuhúsið stendur fyrir. Hátíðin hefur rækilega fest sig í sessi meðal heimamanna og ferðafólks.

Tilfni listahátíðarinnar Frjó er að skapa leikvöll lista, listafólks og listáhugafólks.

Styrkupp hæð kr. 600.000.-

Fjallabyggð



INTO Listahátíð

Umsækjandi:
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

INTO er þriggja daga listahátíð á Siglufirði dagana 7. - 9. júní sem Aðalheiður S. Eysteinsdóttir stendur að í samstarfi við Will Owen og Arnar Ómarsson.

INTO var fyrst haldin í Assedrup í Danmörku haustið 2023, en verður haldin í Alpýðuhúsinu á Siglufirði í ár.

Aðalheiður býður ólíkum listamönnum til þátttöku frá Danmörku, Íslandi og Bandaríkjunum og munu þeir dvelja á Siglufirði um tíma við vinnu og uppsetningu hátíðarinnar.

Styrkupp hæð kr. 300.000.-

Fjallabyggð



Abbý – Listasýningar

Umsækjandi:
Arnfinna Björnsdóttir

Arnfinna (Abbý) rekur vinnustofu að Aðalgötu 13 á Siglufirði þar sem hún vinnur að list sinni, klippimyndum frá Síldarárunum og annarri myndlist ásamt handverki.

Þann 20. maí ár hvert opnar hún sýningu sem er opin til 20. september eða lengur.

Styrkupp hæð kr. 100.000.-



Berjadagar tónlistarhátíð

Umsækjandi:
Berjadagar, Félag um tónlistarhátíð

Berjadagar tónlistarhátíð 2024, var stofnuð árið 1998 með orðin „Náttúra og listsköpun að leiðarljósi. Listrænn stjórnandi Berjadaga er Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari.

Berjadagar er fjölskylduvæn tónlistarhátíð sem fram fer 14.-17. júní nk. með tónleikum og viðburðum sem tengjast m.a. þjóðhátíð Íslendinga.

Berjadagar tónlistarhátíð er ein sinnar tegundar sem haldin er í Ólafsfirði

Styrkupp hæð kr. 600.000.-

Fjallabyggð



Farandtónleikar í Fjallabyggð

Umsækjandi:
Daníel Pétur Daníelsson

Farandtónleikar í Fjallabyggð er röð pop-up örtónleika sem fram fara undir berum himni í Fjallabyggð.

Farandtónleikarnir fara þannig fram að stillt er upp hljóðkerfi á færanlegt svið og verður því sviði keyrt á fyrir fram ákveðna staði í bænum. Þar sem stoppað er verða fluttir 30-40 mín. Tónleikarnir fóru fyrst fram sumarið 2023 og var gamli Chevrolet vörubíll Síldarminjasafns Íslands notaður sem svið.

Vöktu tónleikarnir og umgjörðin mikla lukku meðal áheyrenda.

Styrkupp hæð 90.000 kr.-

Fjallabyggð



Fjarðargangan, -hlaup og -hjól 2024

Umsækjandi:
Skíðafélag Ólafsfjarðar

Fjarðargangan, hlaupið og hjólið

Skíðafélag Ólafsfjarðar hefur nú í tvö ár haldið þrileik sem samanstandur af Fjarðargöngunni (skíðagöngukeppni) Fjarðarhlaupinu og Fjarðarhjólinu. Fjarðargangan á þó mun lengri sögu.

Fjarðagangan nýtur mikilla vinsælda meðal heimamanna og gesta. Keppnin fór fram dagana 10. og 11. febrúar sl.

Um 300 manns taka þátt í Fjarðargöngunni. Fjarðarhlaupið og Fjarðarhjólið hafa verið haldin í tvö ár og þátttaka hefur vaxið með hverju árinu. Sl. sumar voru 73 sem tóku þátt í hlaupinu og 54 sem tóku þátt í hólínu. Skíðafélagið reiknar með að þessir viðburðir eigi bara eftir stækka og er undirbúningur þegar hafinn.

Styrkupphæð kr. 250.000.-

Að auki er veittur styrkur í formi afnota af húsnæði Fjallabyggðar að andvirði kr. 150.000.-

Fjallabyggð



Indoor Mural Project and Children's Workshop

Umsækjandi:
Emma Louise Sanderson

Indoor Mural Project and Children's Workshop.

Innanhúss veggmyndaverkefni og barnasmiðja. Hér er um samfélagslegt framtak sem snýr að því að börn vinni að gerð veggmyndar í rými í eigu Fjallabyggðar. Um er að ræða eins dags vinnustofu fyrir börn. Þessi vinnustofa mun veita ungum þátttakendum vettvang til að kanna sköpunargáfu sína og leggja sitt af mörkum til að búa til veggmynd, undir leiðsögn listamannsins Emmu Louise

Styrkupp hæð 250.000 kr.-

Fjallabyggð



Myndasöguhátíð Siglufjarðar

Umsækjandi:
Eleftherios Giakoumakis

Myndasöguhátíð Siglufjarðar

Myndasöguhátíð Siglufjarðar er alþjóðleg myndasöguhátíð sem haldin verður í Fjallabyggð í ár. Hátíðin býður heimamönnum, innlendum aðilum sem og erlendum myndasögusmiðum og örðum áhugasömum að fagna myndasögulistinni saman. Listamenn munu sýna verk sín og rit á hátíðinni. Boðið verður upp á fyrirlestra um list og sögu myndasagna hér á landi auk barnasmiðja.

Markmið verkefnisins eru að skapa vettvang listafólks til að sýna íslenska myndasögusenu. Byggja brýr milli íslenskra og alþjóðlegra myndasögulistamanna og áhugafólks um myndasögu. Fræða ungmenni á staðnum um myndasögulist, sýna bæinn, menningararfleifðina og laða að gesti í bæinn.

Styrkuppþæð 250.000 kr.-

**Að auki er veittur styrkur vegna afnota af húsnæði
Fjallabyggðar að andvirði kr. 120.000.-**

Fjallabyggð



Listasýningar í Pálshúsi

Umsækjandi:
Fjallasalir ses.

Listasýningar í Pálshúsi

Yfir sumartímamann á opnunartíma Pálshúss verða opnaðar þrjár listasýningar í sýningarsal Pálshúss. Þá er ráðgert að hafa hina árlegu jólasýningu í desember. Einnig er verið að skoða þá hugmynd að koma á Ljósmyndasafni Ólafsfjarðar og verður unnið við það í vetur. Sýningar byrja þegar Pálshús opnar um 15. maí og standa til 15. september.

Styrkupp hæð kr. 350.000.-

Fjallabyggð



Karлакór Fjallabyggðar

Umsækjandi:
Karлакór Fjallabyggðar

Karлакór Fjallabyggðar.

Kórinn verður með nokkra tónleika á vetrardagskrá 2023/2024. Jólatónleikar verða haldnir í Siglufjarðar kirkju og Dalvíkurkirkju. Karлакór Fjallabyggðar heldur tónleikar á Ólafsfirði í Tjarnarborg. Einnig stendur til að vera með Work shop og tónleika á Akureyri með karлакór Ak-Geysi, Karлакór Eyjafjarðar og Karлакór Kópavogs. Einnig eru fyrirhugaðir tónleikar með Karлакór Bólstaðarhlíðarhrepps á Blönduósi.

Styrkuppþæð kr. 100.000.-

Fjallabyggð



Kirkjukór Ólafsfjarðar.
Kórsöngur o.fl.

Umsækjandi:
Kirkjukór Ólafsfjarðar

Kirkjukór Ólafsfjarðar hlýtur styrk vegna kórsöngs við hin ýmsu tilefni og til reksturs kirkjukórsins. En fyrirhuguð eru námskeið og raddþjálfun félaga.

Styrkuppþæð kr. 100.000.-

Fjallabyggð



Kór eldri borgara í Fjallabyggð

Umsækjandi:
Kór eldri borgara

Kór eldri borgara hlýtur styrk vegna kórsöngs við hin ýmsu tilefni til reksturs kórsins.

Styrkupphæð kr. 100.000.-

Fjallabyggð



Leiksýning

Umsækjandi:
Leikfélag Fjallabyggðar

Leikfélag Fjallabyggðar - uppfærsla leikársins 2024

Uppfærsla verksins **Beint í æð** verður flutt í Tjarnarborg á leikárinu. Leikstjóri vetrarins er Valgeir Skagfjörð.

Markmiðið Leikfélagsins er að efla menningarlíf í Fjallabyggð og bjóða íbúum og gestum Fjallabyggðar upp á leikverk og ekki síður fá áhugaleikara hér í samfélaginu til að taka þátt og rækta hæfileika sína á leiklistarsviðinu.

Styrkupp hæð 500.000 kr.-

Fjallabyggð



Ljóðahátíðin Haustglæður

Umsækjandi:
Ungmennafélagið Glói og
Félag um Ljóðasetur Íslands

Ljóðahátíðin Haustglæður

Markmið hátíðarinnar er að auka áhuga íbúa og gesta Fjallabyggðar á ljóðlist og menningu. Veita þeim tækifæri til að hlýða á fremstu skáld landsins flytja ljóð sín. Skapa vettvang fyrir heimamenn til að koma sér og sínu efni á framfæri, hvort sem er í formi ljóðlistar eða tónlistar. Kynna komandi kynslóðum íslenska ljóðlist og þjálfva ungmenni í skapandi skrifum og að koma fram.

Dagskrárliðir hátíðarinnar verða 10 - 12 talsins. Þar eru hefðbundin atriði eins og skólaheimsóknir skálda, heimsókn skálda á dvalarheimili aldraðra, ljóðasamkeppni nemenda, ljóðakvöld heimamanna, heimsóknir skólahópa á Ljóðasetrið, flutt tónlist sem samin hefur verið við ljóð íslenskra skálda o.fl.

A.m.k. eitt þjóðþekkt skáld kemur fram á hátíðinni auk heimafólks og yngri kynslóðin verður virkjuð til sköpunar og fær þjálfun í að koma fram. Frítt er inn á alla viðburði hátíðarinnar.

Styrkuppþæð kr. 275.000.-

Fjallabyggð



Sápuboltinn 2024

Umsækjandi:
Félag um Sápubolta

Sápuboltinn 2024

Sápuboltinn er tveggja daga tónlistar- og menningarhátíð þar sem markhópurinn er fólk á aldrinum 6-40 ára. Á hátíðinni er öllum boðið að taka þátt.

Áætlað er að 1000-1300 einstaklingar hafi sótt hátíðina árið 2023 en það er stærsta hátíðin sem fram hefur farið og er hátíðin í stöðugum vexti. Dagskráin samanstendur af tónleikum, sápubolta og tónleikum. Síðustu ár hefur dagskrá verið sniðin að þörfum og áhuga yngri kynslóða og fjölskyldufólki þar sem börnum á aldrinum 6-18 ára er boðið frítt í Sápubolta á föstudegi öllum sem geta komið er boðið upp á fría tónleika og brekkusöng við Tjarnarborg.

Í ár verður Sápuboltinn haldinn í sjöunda sinn.

Styrkuppþæð kr. 500.000.-

Fjallabyggð



Síldarminjasafn
Íslands

Umsækjandi:
Síldarminjasafnið

Jólatónleikar Síldarminjasafnsins.

Jólatónleikar Síldarminjasafnsins verða haldnir í Bátahúsinu í desember. Tónlistarflutningur verður í höndum starfsfólks safnsins, þeirra Eddu Bjarkar Jónsdóttur, Daníels Péturs Daníelssonar, Harðar Inga Kristjánssonar og Tinnu Hjaltadóttur. Bátahúsið verður skreytt jólaljósum og flutt úrval íslenskra jólalaga - sem þó geta átt sér ólíkan uppruna. Íbúum Fjallabyggðar og öðrum gestkomandi verður boðið að njóta tónleikanna án aðgangseyris.

Styrkuppþæð 350.000 kr.-

Fjallabyggð



Sjómannadagshátíð í Ólafsfirði 2024

Umsækjandi:
Sjómannadagsráð

Sjómannadagurinn í Ólafsfirði.

Sjómannadagsráð og Sjómannafélag Ólafsfjarðar halda uppi metnaðarfullri dagskrá alla sjómannadagshelgina og þar með sýna þessum hátíðisdegi sjómanna þá virðingu sem honum ber. Það má minna á að byggðarkjarnarnir í Fjallabyggð Ólafsfjörður og Siglufjörður byggðust upp á sjósókn og fiskvinnslu. Sjómannadagshátíðin er fjölskylduhátíð og er öllum opin.

Sjómannadagshátíðin er fjölskylduhátíð og öllum opin.

Styrkupp hæð 1.040.000 kr.-

Að auki er veittur styrkur í formi afnota af húsnæði Fjallabyggðar að andvirði kr. 150.000.-

Fjallabyggð



Síldarævintýri á Siglufirði

Umsækjandi:
Stýrihópur um Síldarævintýri

Síldarævintýri á Siglufirði

Markmið hátíðarinnar er fyrst og fremst að skapa grundvöll fyrir bæjarbúa til að koma saman og gleðjast saman. Um að ræða fjögurra daga fjölskylduhátíð þar sem lögð er áhersla á að allir aldurshópar finni eitthvað við sitt hæfi.

Áætlað er að hátíðin verði samsett af um 50 smærri viðburðum um allan miðbæinn og gestir hátíðarinnar sjá og upplifa eitthvað nýtt og spennandi á hverju götuhorni.

Styrkupp hæð kr. 600.000.-

Að auki er veittur styrkur í formi afnota af húsnæði og munum Fjallabyggðar að andvirði kr. 400.000.-

Fjallabyggð



Sumartónleikar

Umsækjandi:
Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar

Sumartónleikar í Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar er tónleikaröð þar sem boðið er upp á ferna tónleika.

Ungt tónlistarfólk kemur fram í Þjóðlagasetrinu og víðar á Siglufirði og lífgar þannig upp á bæjarlífið sem hljóðfæraleik og söng.

Listamennirnir verða flestir af yngri kynslóðinni enda er markmiðið tónleikaraðarinnar ekki síst að hvetja ungt fólk til þess að takast við eigin þjóðlagaarf og flétta hann inn í tónlist sína.

Styrkupp hæð kr. 200.000.-

Fjallabyggð



Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

Umsækjandi:
Þjóðlagahátíð 2024

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

Hátíðin í ár verður sú 24. í röðinni

Markmið Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði er að styðja við bakið á þeim sem stunda íslenska þjóðlagatónlist og að leyfa landsmönnum að hlusta á tónlistarmenn í fremstu röð, víðs vegar að úr veröldinni.

Á hátíðinni kemur saman tónlistarfólk úr ólíkum áttum og á öllum aldri, hlustar á verk hvers annars og lærir í Þjóðlagaakademíunni um tónlistararf Íslendinga og annarra þjóða.

Tónlistarmenn víðs vegar að úr veröldinni halda tónleika og námskeið auk þess sem Þjóðlagaakademían verður starfrækt samhliða hátíðinni.

Hátíðin stendur yfir í fimm daga og verður hún með líku sniði og undanfarin ár. Daglega verða tvennir til þrennir tónleikar, nokkur námskeið verða haldin um tiltekið efni auk fyrirlestra í þjóðlagaakademíunni.

Styrkupp hæð kr. 600.000.-



Fræðslustyrkir

Fjallabyggð



Dansnámskeið fyrir nemendur

Umsækjandi:
Foreldrafélag Leikhóla

Foreldrafélag Leikhóla fær styrk til að standa fyrir dansnámskeið
fyrir nemendur

Styrkuppphæð kr. 35.000.-

Fjallabyggð



Myndlistasýning barna

Umsækjandi:
Foreldrafélag Leikhóla

Foreldrafélag Leikhóla fær styrk til fyrir myndlistarsýningu nemenda í Tjarnarborg

Styrkur í formi afnota af húsnæði Fjallabyggðar kr. 60.000.-

Fjallabyggð



Kaup á leikföngum

Umsækjandi:
Foreldrafélag Leikskála

Foreldrafélag Leikskála fær styrk til kaupa á leikföngum

Styrkur kr. 200.000.-

Fjallabyggð



Samningur um forvarnarstarf í samstarfi við forvarnarteymi Grunnskóla Fjallabyggðar

Umsækjandi:
Foreldrafélag Grunnskóla Fjallabyggðar

Foreldrafélagið Grunnskóla Fjallabyggðar fær árlega styrk í þrjú ár til að standa undir kostnaði við forvarnarfræðslu fyrir grunnskólanema og eftir atvikum foreldra.

Leitast er er við að hafa forvarnarfræðslu fjölbreytta s.s. gegn kynferðis- og kynbundnu ofbeldi, fíkn, stafrænu ofbeldi o.s.frv. Einnig mætti horfa til fyrirlestra sem byggja upp sjálfsmynd og styrkja börn og unglunga á annan hátt.

Styrkuppphæð kr. 300.000.-



Grænir styrkir

Fjallabyggð



Skúlpúrgarður við Alpýðuhúsið á Siglufirði

Umsækjandi:
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

Skúlpúrgarður við Alpýðuhúsið á Siglufirði með verkum eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur. Uppbygging Garðsins hefur staðið yfir undanfarin ár og hefur gengið vel.

Nú þegar eru komin tvö stór verk í garðinn, Álfhóll og Bergmyndir. Eftir því sem árin líða er komin ákveðin reynsla á hvernig fólk og náttúra leika sér í garðinum. Mikið er stoppað við Bergmyndir og jafnvel að þar í einhverja klukkutíma með nestið sitt og bók til lestrar.

Leitast verður við að samþætta náttúru og tíma í verkum Aðalheiðar og gera gestum kleift að staldra við á eða í verkunum. Haldið verður áfram að vinna að umgjörð garðsins og steinhleðslu sem mun verða áberandi þáttur í sköpunarverkinu.

Styrkuppphæð kr. 300.000.-

Fjallabyggð



Ljúka frágangi við púttvöll

Umsækjandi:
Félag eldri borgara á Siglufirði

Styrkinn á að nota til að klára framkvæmdir við púttvöll.

Styrkupp hæð kr. 75.000.-

Fjallabyggð



Hvanneyrarskál – fólkvangur

Umsækjandi:
Björn Jónsson

Verkefnið er gengur út á að auka nýtingu og bæta ásýnd fólkvangs með því að setja upp lítið bjálkahús í Hvanneyrarskál. Húsinu er ætlað að veita skjól og hvíld fyrir gesti.

Í húsinu yrði aðstaða til að geta meðal annars kveikt upp í grilli til að elda einfaldar máltíðir, hita vatn, hlýja sér eða einfaldlega til að hafa það notalegt.

Verkefnið gagnast öllum íbúum Fjallabyggðar og hvetur til aukinnar útivistar í nærumhverfi. Verkefnið er hluti af því að tengja saman leik og hreyfingu, sérstaklega fyrir fjölskyldufólk, sem getur nýtt húsið sem markmið gönguferðar fyrir börn.

Styrkupp hæð kr. 1.975.0000.-

Fjallabyggð



Grillskýli í Skógræktinni

Umsækjandi:
Skógræktarfélag Siglufjarðar

Styrkurinn er til kaupa á áhöldum og skjóli við grillskýli í Skógræktinni á Siglufirði.

Styrkupp hæð kr. 150.000.-



*Rekstrarstyrkir
safna og setra*

Fjallabyggð



Ljóðasetur Íslands

Umsækjandi:
Félag um Ljóðasetur Íslands.

Ljóðasetrið hefur verið starfrækt síðan 2011 og starfsemi þess hefur vaxið jafnt og þétt. Ljóðasetrið er það eina sinnar tegundar á landinu og hefur vakið töluverða athygli sem m.a. lýsir sér í reglulegri umfjöllun fjölmiðla undanfarin ár. Setrið er ein af perlunum í perlufesti safna, setra og annarra áhugaverðra staða til að heimsækja í.

Markmiðið með Ljóðasetri Íslands er að kynna íslenska ljóðlist fyrir innlendum sem erlendum gestum með lifandi hætti sem og að gera komandi kynslóðir meðvitaðar um mikilvægi ljóðlistarinnar í menningu okkar og sögu.

Ljóðasetrið er opið yfir sumartímamann en á öðrum tímum ársins er tekið á móti hópum með fræðslu, ljóðalestri, söng og kveðskap auk þess sem þar eru stakir viðburðir.

Yfir sumartímamann eru lifandi viðburðir alla opnunardaga kl. 16.00. Á Ljóðasetrinu er einnig að finna stórt safn ljóðabóka sem og ýmsa muni og myndir sem tengjast þessum merka arfi okkar.

Styrkupp hæð kr. 450.000.-

Fjallabyggð



Náttúrugripasafn
Fjallabyggðar –
þjónustusamningur

Fjallabyggð og Fjallasalir ses. gera með sér þjónustusamning vegna náttúrugripasafns sem Fjallabyggð afhenti Sigurhæð ses, seinna Fjallasalir ses. til eignar og fram kom i samþykktum undirrituðum 21.5.2014 og samningi sem gerður var og undirritaður sama dag. Safnið er staðsett í Pálshúsi Ólafsfirði.

Fjallasalir ses. tekur að sér varðveislu, umhirðu og sýningarhæfi náttúrugripasafnsins og að það sé aðgengilegt almenningi til skoðunar yfir sumartímamann með auglýstum opnunartíma og að vetri eftir samkomulagi, eins og við verður komið.

Þjónustuupphæð kr. 900.000.-

Fjallabyggð



Pálshús

Umsækjandi:
Fjallasalir ses.

Rekstrarstyrkur til safnahúss Pálshúss. Framkvæmdum er lokið og áætlað að bæta við og styrkja umgjörð hússins sem upplýsinga- og menningarlegt aðráttarafl m.a. með ljósmyndasafni og fleiri sýningum og þá mögulega á heilsársgrunni.

Tilgangur og markmið er að upplýsa- fræða og halda uppi menningu eins og kostur er með listsýningum og viðburðum.

Styrkupp hæð kr. 1.000.000.-

Fjallabyggð



Saga Fotografica

Umsækjandi:
Saga Fotografica félagasamtök

Tilgangur safnsins er varðveisla á tækjum til ljósmyndunar og ljósmyndavinnslu, frá ýmsum tímum auk þess að sýna þau og kynna. Einnig mun safnið standa fyrir kynningu á ljósmyndum, sögu ljósmynda og mismunandi aðferðum við ljósmyndavinnslu, sem og sýningum á myndverkum. Markmið safnsins er að styrkja og vekja áhuga á ljósmyndun og ljósmyndataækni, kynna sögu hennar og mismunandi aðferðir við töku ljósmynda og sýna ljósmyndaverk.

Fyrir liggur að safnið muni vinna að koma nýjum munum frá lager og inn á sýningargólf. Flokkun muna, yfirfærsla og skráning er framundan á munum gefenda.

Safnið opnar vanalega með nýja sýningu, 17. júní ár hvert.

Styrkupp hæð kr. 175.000.-

Fjallabyggð



Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar

Umsækjandi:
Þjóðlagasetur

Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar er eina stofnunin hér á landi sem helgar sig alfarið íslenskum þjóðlagaarfi, varðveislu hans, rannsóknum og kynningu með ýmsum hætti.

Á safninu er boðið upp á lifandi kynningu á íslenskum þjóðlagaarfi með því að syngja og leika á langspil eða íslenska fiðlu. Í setrinu er hægt að fræðast um þjóðlagasöfnun Bjarna Þorsteinssonar, skoða húsgögn og muni úr eigu hans og konu hans Sigríðar Blöndal, sem og lög í handriti og í prentuðum bókum. Þjóðlagasetrið er með fasta opnun sumartímanna en einnig er tekið á móti hópum allt árið, svo sem ferðamönnum, skólahópum, árgangshópum og fólki á ráðstefnum. Þjóðlagasetrið á Siglufirði er einstakt sinnar tegundar hér á landi og vekur mikla athygli, ekki síst erlendra gesta.

Styrkupp hæð kr. 990.000.-